

## Fundargerð stjórnar BÍS 22/2012.

miðvikudaginn 17. október 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

### Fjarverandi:

Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fyrir fundinum liggur bréf frá Halldóru G. Hinriksdóttur, aðstoðarskátahöfðingja, þar sem hún segir af sér frá og með þessum fundi. Sjá bréf. Stjórn BÍS þakkar henni samstarfið og óska henni velfarnaðar í sínum störfum.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Umræða 1:
  - a. Landsmót skáta:
    - i. LM 2014: Samþykkt að Páll L. Sigurðsson og Fríður Finna Sigurðardóttir verði mótsstjórar. Fyrir liggja tvær tillögur um tímasetningu, annars vegar 20.-27.júlí og hins vegar 22.-29.júlí. Ákvörðun frestað og samþykkt að ræða við mótsstjóra og Hamra. Þema mótssins verður ákveðið í samráði við mótsstjóra eigi síðar en 28. nóvember 2012.
  - b. World Scout Moot 2017: Mynda þarf teymi sem skipuleggur undirbúning, nánar á næsta fundi.
4. Umræða 2
  - a. Skátaheitið: ÓP ræddi tillögu sína og athugun sem hann hefur gert á skátaheitinu í öðrum bandalögum og reglur WOSM og WAGGGS um þessi mál. Samþykkt að efna til málþings miðvikudaginn 21. nóvember kl. 20:00.
  - b. Áherslur stjórnarfundar fram að Skátapiþingi: BB og HS falið að vinna úr yfirliti.
  - c. Skátapiþing 2013: Eilífsbúar, Héraðsbúar og Hraunbúar hafa boðist til að halda þingið. Samþykkt að Skátapiþing 2013 verði í Hafnarfirði og Skátapiþing 2014 verði í Skagafirði.
  - d. Afmælisblað 2. nóvember: Samþykkt að kanna frestun útgáfunnar.
5. Mál til kynningar og bókunar:
  - a. Starfsyfirlit Skátamiðstöðvarinnar: Lá frammi.
  - b. Fjárhagsáætlun 2013: Samþykkt að leggja drög að starfsáætlun á næsta fundi og vinna fjárhagsáætlun í framhaldi af því. Formönnum ráða falið að koma með drög að fjárhagsáætlun sinna málaflokka á þar næsta fund.
  - c. Samanburður stefnumótunar BÍS og WOSM: HSG sagði frá samanburði sem HGH, HSG og HS hafa verið að gera. Stefnumótun BÍS fellur að flestu leiti vel að stefnu WOSM. Skjalið er í frágangi og verður kynnt nánar á næsta fundi.
  - d. Friðarþing: Þingið gekk vel og vakti athygli nýrra hópa á okkar starfi. Þátttaka var ágæt þó vonast hafi verið eftir enn betri þátttöku. Stjórn þakkar þeim sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd þingsins.

- e. Starfsmannamál: Guðrún Snorradóttir, verkefnastjóri fræðslu- og dagskrármála hefur látið af störfum. Stjórn þakkar henni samstarfið og óskar henni velfarnaðar.
- f. Bréf frá stjórn Skátasambands Reykjavíkur: Borist hefur bréf frá stjórn SSR þar sem óskað er eftir viðræðum um kaup BÍS á hlut SSR í Skátamiðstöðinni. Stjórn BÍS þakkar bréfið en vill ljúka viðræðum um ÚSÚ áður en að þessum viðræðum kemur.
- g. Boð frá SSR: Borist hefur boð til stjórnar BÍS um að taka þátt í athöfn við Fjósið á lóð Menntaskólans í Reykjavík 2. nóvember.
- h. Hátíðarkvöldverður: Sala miða gengur ágætlega. Stjórn mun greiða beint vissa þætti dagskrárinnar.
- i. WSM 2013: Guðmundur Björnsson hefur sagt sig frá fararstjórn. Ekki verður skipaður nýr fararstjóri að sinni.
- j. Evrópuþing skáta 2016: HSG upplýsti að Norðmenn hafi boðist til að halda þingið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl.

Fundargerð ritaði JA.